

Gott ár að baki

Ársuppgjör Origo 2021

Helstu fjárhagsupplýsingar:

- **Sala á vöru og þjónustu** nam 5.335 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 (8,7% tekjuvöxtur frá F4 2020) og 18.191 m.kr. á árinu 2021 (6,6% tekjuvöxtur frá árinu 2020). [F4 2020: 4.906 m.kr., 12M 2020: 17.062 m.kr.]
- **Framlegð** nam 1.466 m.kr. (27,5%) á fjórða ársfjórðungi 2021 og 4.819 m.kr. (26,5%) á árinu 2021. [F4 2020: 1.231 m.kr. (25,1%), 12M 2020: 4.215 m.kr. (24,7%)]
- **EBITDA** nam 503 m.kr. (9,4%) á fjórða ársfjórðungi 2021 og 1.601 m.kr. (8,8%) á árinu 2021. [F4 2020: 381 m.kr. (7,8%), 12M 2020: 1.078 m.kr. (6,3%)]
- **EBIT** nam 263 m.kr. (4,9%) á fjórða ársfjórðungi 2021 og 732 m.kr. (4,0%) á árinu 2021. [F4 2020: 165 m.kr. (3,4%), 12M 2020: 331 m.kr. (1,9%)]
- **Áhrif af hlutafjárukningar Tempo** í tengslum við kaup félagsins á ALM Works Inc, sem og rekstrarniðurstaða Tempo hafa mikil áhrif á hagnað Origo
- **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** voru neikvæðir um 15 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 en jákvæðir um 70 m.kr. á árinu 2021. [F4 2020: -255 m.kr., 12M 2020: 156 m.kr.]
- **Heildarhagnaður** nam 952 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 og 1.564 m.kr. á árinu 2021. [F4 2020: -53 m.kr., 12M 2020: 408 m.kr.]
- **Eiginfjárhlutfall** er 56,9% en var 56,7% í lok árs 2020.
- **Veltufjárhlutfall** er 1,42 en var 1,27 í lok árs 2020.

Helstu fréttir úr starfsemi:

- Góður tekjuvöxtur og frábær afkoma á fjórða ársfjórðungi.
- Góð eftirspurn og rekstur í Notendabúnaði árið 2021.
- 24% vöxtur í sölu á eigin hugbúnaði á árinu 2021.
- Breyttar áherslur farnar að skila árangri í rekstrarþjónustu.
- Syndis hefur sett upp starfsstöð í Póllandi fyrir 24/7 öryggisvöktun.
- Tvær stórar fjárfestingar hjá Tempo marka tímamót hjá fyrirtækinu.

Jón Björnsson forstjóri Origo hf:

„Árangur Origo árið 2021 er frábær. Við lögðum upp með 2021 sem ár nýrra áherslna þar sem við ýttum undir frekari sjálfstæði teymana hjá okkur, lögðum hart að okkur að gera vöruframboðið sterkara og hnitmiðaðra og jukum áherslu á viðskiptaþróun og markaðsmál. Samfélagsmálin hafa verið okkur hugleikin og við höfum sett áherslur þar sem við getum skilað árangri. Horfum við sérstaklega til netöryggis, jafnréttis kynjanna, aukins heilbrigðis og umhverfismála. Við sjáum strax árangur af þessum aðgerðum starfsfólks Origo. Tekjur félagsins aukast um 6,6% á árinu og afkoma félagsins batnar umtalsvert og skilar reksturinn 8,8% ebitda á móti 6,3% á s.l. ári. Á mörgum sviðum erum við kominn með afbragðsrekstur. Fjárfesting félagsins í Tempo er á spennandi tímamótum og lærdómsríkt að fylgja félaginu í gegnum verulega stækkun.

Áfram er góð eftirspurn eftir lausnum og vörum í notendabúnaði og jukust tekjur Notendalausna um 17% fyrir árið 2021. Frábær afkoma er hjá einingunni og EBITDA um 9%. Nýjar söluleiðir, sterk netverslun og Tölvutek eru lykilatriði í þessari tekjuaukningu ásamt því að grunnreksturinn hefur verið sterkur þrátt fyrir tafir á vöruafhengingu og vöruskort á alþjóðavísu. Þá má áfram búast við einhverjum áskorunum á aðfangahliðinni bæði hvað varðar vöruframboð sem og verðhækkanir. Félagið hefur sótt fram í búnaði tengdum þjónustu og stafrænni aðgreiningu er tengist aukinni sjálfvirkni, sjálfsafgreiðslu, fjarfundum auk annarra stafrænna vara sem auka hagkvæmni og lækka rekstrarkostnað viðskiptavina.

Þjónustulausnir Origo eru í umbreytingarfasa þar sem unnið er að því að breyta eldri tekjustofnum og einfalda vöruframboð og þjónustu að þörfum viðskiptavinarins. Tekjur drógust saman um 8% á árinu vegna minni innviðasölu og aflagðrar þjónustu. Afkoma batnar hinsvegar um 74% á árinu. Breyttar áherslur í þjónustuframboði eru því farnar að skila sér. Mikið hefur áunnist í bættri þjónustu. Áhersla hefur verið lögð á að beita sjálfvirkni í rekstrinum og hefur einingin náð góðum árangri í að sjálfvirknivæða viðbrögð í vöktun og kerfisrekstri sem og að greina, aðlaga og sjálfvirknivæða almenna viðskiptaferla. Sjáum við fram á að geta boðið þessa þekkingu í meira mæli til viðskiptavina sem hluta af okkar þjónustuframboði.

Syndis hefur aukið verulega getu til að sinna 24/7 vöktun með uppsetningu á starfsstöð í Póllandi. Félagið hefur dafnað einstaklega vel s.l. mánuði og þrjúþætt áhersla félagsins innan ráðgjafar, öryggisvöktunar auk hugbúnaðargerðar innan öryggisgeirans er spennandi, enda netöryggi og öryggisvitund bæði kjarnasvið sem og hluti af samfélagsábyrgð Origo.

Velta Origo í hugbúnaðargerð heldur áfram að vaxa og nálgast félagið nú þá stærð í hugbúnaðargerð sem það hafði fyrir sölu á meirihluta í Tempo. Veltuaukning síðasta árs var 8,3% og EBITDA 9,6%. Veltuaukning í eigin hugbúnaði var um 24%.

Í Heilbrigðislausnum hafa Covid tengd verkefni sýnt fram á tækifæri stafrænnar þróunar í heilbrigðiskerfi Íslands með því að ná fram aukinni framleiðni ásamt því að bæta þjónustu og aðgengi notenda að þjónustu og upplýsingum. Í lok ársins hófust prófanir á lausn sem heldur utanum skimanir fyrir leghálskrabbameini og er stefnt að hún verði tekin í notkun í byrjun árs. Þessi lausn byggir að stórum hluta á lausnum sem þróaðar voru fyrir Covid próf og bólusetningar. Við sjáum mikil tækifæri í að nota betri tækni til betra lífs á heilbrigðisgeiranum með sterkum lausnum sem létta undir greininni og þeim sem sækja þjónustuna.

Origo hefur sterkar rætur í nýsköpun og vill fjárfesta í vexti nýsköpunar á öllum sviðum félagsins. Fjölmargar nýjar lausnir litu dagsins ljós á árinu. Við sáum nýjar og endurbættar vörur koma á markað, eins og Léttský hjá Rekstrarþjónustu og nýja kynslóð rafrænna hillumiða hjá Notendalausnum. Origo hefur einnig í töluverðan tíma verið í uppbyggingarfasa með ofurtölvulausn í samstarfi við erlenda aðila. Undanfarna mánuði hafa prófanir verið í gangi að sannreyna lausnina. Hér á ferðinni spennandi nýsköpunartækifæri þar sem við munum fjárfesta í áframhaldandi uppbyggingu. Mest er nýsköpunin í eigin hugbúnaði, en eins og áður segir óx velta félagsins þar um 24% á árinu. Origo hefur ætíð verið sterkt í þróun á grunnkerfum í fyrirtækjarekstri. Aukin þróun í Business Central skilaði sér í aukinni sölu á Business Central skýjalausnum á ársfjórðungnum sem og sölu og ráðgjöf á SAP S/4 HANA. Vöruþróun síðustu mánaða er að skila góðum tækifærum á því sviði. Banka- og greiðslutengdar lausnir eru í stöðugri þróun og hefur Origo uppfært nýtt afgreiðslukerfi hjá tveimur íslenskum bönkum. Við höfum einning þróað nýja vöruhúsakerfislausn fyrir lítil og meðalstór vöruhús og fer sala á því vel af stað.

Við munum ýta undir frekari nýsköpun en samhliða því að gera kröfu um árangur með tímalínu og nýtingu fjármagns. Við teljum okkur hafa mikil tækifæri að gera betur á þessum markaði og höfum séð að þau skref sem við höfum tekið þvert á lausnir eru að skila framförum. Sala á Kjarna mannauðs- og launakerfi sem Origo hóf þróun á 2015 gengur vel og finnum við fyrir aukinni eftirspurn, en notendur Kjarna eru mörg stærstu fyrirtæki og sveitarfélög landsins. Góðar viðtökur á markaði gefa byr undir báða vængi og því verður áfram unnið markvisst við þróun á nýrri virkni og lausnum á þessu sviði. Við höfum fjárfest verulega í þremur lausnum í ferðaiðnaði án þess að ná að uppskera miðað við möguleika þeirra vegna covid-19 og samdráttar í ferðaiðnaði. Við höfum hingað til ekki dregið af okkur í þróun á þessum vörum og settum t.d. nýtt markaðstorg fyrir ferðaskrifstofur á markað undir lok árs. Við vonumst til að tekjur fari að skila sér

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 3. febrúar 2022
origo.is/um-origo/fjarfestar/

með auknum ferðaiðnaði þegar fram í sækir. Gæðakerfislausnin CCQ er búin að tryggja sig í sessi sem lausnin þegar kemur að því að tryggja skjalafestingu og hlítinu við kröfur eins og ISO, GDPR, jafnlaunavottun og aðra staðla, lög og reglugerðir. Þá hefur Origo styrkt sig mikið á s.l. tveimur árum í ráðgjöf og vinnu við stafræn verkefni fyrirtækja og stofnanna og starfa nú rúmlega 60 manns hjá Origo eingöngu við að aðstoða viðskiptavinum í stafrænni umbreytingu. Við teljum okkur geta vaxið á þessu sviði og stafræn þróun orðið kjarnasvið hjá Origo.

Síðasti ársfjórðungur er líkega einn sá mest spennandi hjá Tempo. Rekstur Tempo gekk frábærlega á árinu og skilaði Tempo, án tekna frá Roadmunk og ALM, 39% tekjuvexti og 59% aukningu í EBITDA, að teknu tilliti til einskiptisliða. Félagið keypti seint á fjórðungnum tvö önnur félög og styrkti þar með viðskiptavinagrúnn sinn og vöruframboð mikið innan þess markaðar sem félagið starfar á. Heildarvelta Tempo 2021 er um 45 milljónir USD. Kaup Tempo á Roadmunk gefur því tækifæri að komast inn á markað fyrir „roadmapping“ hugbúnað á meðan kaup Tempo á ALM Works kemur Tempo inn á markaðinn fyrir hugbúnað í verkefnastýringu. Starfsmannafjöldi Tempo er því kominn hátt í 200 með starfsemi í fimm borgum og yfir 25.000 viðskiptavinum um allan heim. Framundan er því áhersla lögð á að ná verðmætum út úr samvinnu félaganna þriggja. Markmið fyrirtækisins er að nýta styrk hvernar vöru til að vaxa en samhliða að nýta samlegðaráhrif í kostnaði og mögulegri tekjuaukningu. Einnig verður hægt að nálgast viðskiptavinum með sterkara vöruframboð og heildrænna en áður.

Horfur í rekstri eru ágætar. Við erum komin langt með vinnu okkar í að skýra hvað Origo stendur fyrir, styrkja og uppfæra áherslur í kjarnarekstri og veita teyrum sjálfstæði til að vaxa. Við munum aðlaga rekstur okkar að þeim tækifærum og búa þannig um hlutina að félagið sé í stakk búið til að vera leiðandi aðili í breytingum á upplýsingatæknimarkaði. Árið fer vel af stað og þrátt fyrir ýmsar hindranir sem umhverfið er að hafa á aðfangakeðjuna og ferðaiðnaðinn rennum við nokkuð bjartsýn af stað inn í árið.

Við höfum tekið ákvörðun að gera breytingar á fjárfestakynningum á komandi ári og í stað hefðbundinna kynninga á fyrsta og þriðja ársfjórðungi, munum við senda út upplýsingar um reksturinn í formi fréttatilkynningar eins og við höfum gert en bjóða upp á kynningu á einstökum rekstrarþætti félagsins á þeim tímamarkum í stað hefðbundinna kynninga. Við teljum að fjárfestar nái þannig að kynnast félaginu betur. Fjárfestakynningar annars og fjórða ársfjórðungs verða með hefðbundnu sniði.“

Rekstrarreikningur

Í milljónum ISK	F4 2021	F4 2020	%	2021	2020	%
Seldar vörur og þjónusta	5.335	4.906	8,7%	18.191	17.062	6,6%
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.869)	(3.675)	5,3%	(13.372)	(12.847)	4,1%
Framlegð	1.466	1.231	19,1%	4.819	4.215	14,3%
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	<i>27,5%</i>	<i>25,1%</i>		<i>26,5%</i>	<i>24,7%</i>	
Rekstrarkostnaður	(1.203)	(1.066)	12,8%	(4.087)	(3.885)	5,2%
Rekstrarhagnaður	263	165		732	331	
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	<i>4,9%</i>	<i>3,4%</i>		<i>4,0%</i>	<i>1,9%</i>	
Hrein fjármagnsgjöld	(29)	(7)		(98)	(185)	
Áhrif hlutdeildarféлага	756	72		966	132	
Tekjuskattur	(22)	(29)		(105)	(26)	
Hagnaður tímabilsins	967	202		1.494	252	
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(15)	(255)		70	156	
Heildarhagnaður tímabilsins	952	(53)		1.564	408	
EBITDA*	503	381		1.601	1.078	
<i>EBITDA% *</i>	<i>9,4%</i>	<i>7,8%</i>		<i>8,8%</i>	<i>6,3%</i>	

- Sala á vöru og þjónustu nam 18.191 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 17.062 m.kr. árið 2020. Tekjувöxtur var í Notendabúnaði og tengdri þjónustu sem og Hugbúnaði og tengdri þjónustu en samdráttur var í tekjum á Rekstrarþjónustu og innviðum. Sala á vöru og þjónustu nam 5.335 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 samanborið við 4.906 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2020.
- Framlegð nam 4.819 m.kr. (26,5%) árið 2021 samanborið við 4.215 m.kr. (24,7%) árið 2020. Framlegð á fjórða ársfjórðungi 2021 nam 1.466 m.kr. (27,5%) samanborið við 1.231 m.kr. (25,1%) á fjórða ársfjórðungi 2020.
- Rekstrarkostnaður nam 4.087 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 3.885 m.kr. árið 2020 sem er hækkun um 5,2%. Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi nam 1.203 m.kr. samanborið við 1.066 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2020 sem er 12,8% hækkun á milli ára.
- EBITDA nam 1.601 m.kr. (8,8%) á árinu 2021 samanborið við 1.078 m.kr. (6,3%) árið 2020. EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2021 nam 503 m.kr. (9,4%) samanborið við 381 m.kr. (7,8%) á fjórða ársfjórðungi 2020.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 98 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 185 m.kr. árið 2020. Munurinn skýrist að mestu út af 100 m.kr. gengistapi á fyrsta ársfjórðungi 2020.
- Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага Origo, var 966 m.kr. á árinu 2021 en var 132 m.kr. árið 2020. Aukningin á milli ára skýrist af hlutfjárukingu Tempo í tengslum við kaup félagsins á ALM Works Inc.
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé voru jákvæðir um 70 m.kr. á árinu 2021 og jákvæðir um 156 m.kr. árið 2020 en þýðingarmunur vegna Tempo skýrir þennan mun.
- Heildarhagnaður á árinu 2021 nam 1.564 m.kr. en nam 408 m.kr. árið 2020. Heildarhagnaður á fjórða ársfjórðungi 2021 nam 952 m.kr. samanborið við 53 m.kr. tap á fjórða ársfjórðungi 2020.

Efnahagsreikningur

Í milljónum ISK	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir	9.742	8.028
Veltufjármunir	5.402	4.336
Eignir samtals	15.144	12.364
Eigið fé	8.619	7.012
Langtímaskuldir	2.733	1.945
Skammtímaskuldir	3.793	3.406
Eigið fé og skuldir samtals	15.144	12.364
Veltufjárlutfall	1,42	1,27
Eiginfjárlutfall	56,9%	56,7%

- Fastafjármunir hækkuðu um 1.714 m.kr. á árinu 2021. Hækkunin skýrist af hækkun rekstrarfjármuna, óefnislegra eigna og hærri eignarhlut í hlutdeildarfélögum.
- Veltufjármunir hækkuðu um 1.066 m.kr. á árinu 2021. Hækkunin skýrist af hækkun á handbæru fé ásamt hækkun á viðskiptakröfum og birgðum.
- Eigið fé hækkaði um 1.606 m.kr. á árinu 2021.
- Langtímaskuldir hækkuðu um 787 m.kr. á árinu 2021. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun leiguskuldbindinga og endurfjármögnunar lána.
- Skammtímaskuldir hækkuðu um 386 m.kr. á árinu 2021.
- Eiginfjárlutfall er nú 56,9% í lok árs 2021 en var 56,7% í lok árs 2020.
- Veltufjárlutfall er nú 1,42 í lok árs 2021 en var 1,27 í árslok 2020.

Sjóðstreymi

Í milljónum ISK	1.1-31.12. 2021	1.1-30.12. 2020
Handbært fé frá rekstri	1.258	1.493
Fjárfestingarhreyfingar	(671)	(620)
Fjármögnunarhreyfingar	48	(548)
Hækkun á handbæru fé	636	325
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(14)	22
Handbært fé í ársbyrjun	1.173	826
Handbært fé í árslok	1.795	1.173

- Handbært fé frá rekstri nam 1.258 m.kr. í lok árs 2021 samanborið við 1.493 m.kr. í lok árs 2020.
- Fjárfestingarhreyfingar námu 671 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 620 m.kr. á árinu 2020.
- Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 48 m.kr. árinu 2021 samanborið við neikvæðar um 548 m.kr. árið 2020. Breytingin skýrist af endurfjármögnun lána upp á 1.000 m.kr.
- Handbært fé hækkar um 347 m.kr. árið 2021.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok árs 2021 var 31.320 mkr., lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 72 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. desember 2021 voru 435 milljónir og voru hluthafar 770 talsins.

Kynningarfundur þann 4. Febrúar 2022

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjörsins verður haldinn, föstudaginn 4. febrúar. Á fundinum kynna stjórnendur rekstur og afkomu félagsins og svara spurningum. Fundurinn verður haldinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Skráning fer fram hér: <https://www.origo.is/fjarfestakynning>

Fjárhagsdagatal

3. mars 2022	Aðalfundur Origo
5. maí 2022	Árshlutauppgjör 1F 2022
25. ágúst 2022	Árshlutauppgjör 2F 2022
27. október 2022	Árshlutauppgjör 3F 2022
2. febrúar 2023	Árshlutauppgjör 4F 2022
9. mars 2023	Aðalfundur Origo

Samþykkt árs hlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Origo hf. þann 3. febrúar 2022. Uppgjör Origo hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Origo hf.

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Hlutabréf Origo hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu ORIGO.

Nánari upplýsingar

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@origo.is og Jón Björnsson, forstjóri í síma 693-5000 eða jb@origo.is

Til athugunar fyrir fjárfesta

Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.